



Róttin - félag um málefni kvenna
Reykjabyggð 34
270 Mosfellsbæ

Reykjavík, 19. júní 2017
1706046/4.1.2/eb

Svör við spurningum frá Róttinni samkv. bréfi dagsettu 9. júní 2017

1. Telst það atvik sem er skráningaskyldt skv. lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007, 9. gr. þegar fólk verður fyrir eða vitni að kynferðisáreiti eða ofbeldi í meðferð.

Svar: Kynferðisofbeldi eins og annað ofbeldi er lögreglumál og sama má segja um kynferðisáreiti. Hvoru tveggja varðar refsilöggjöf og það er ekki á borði Embættis landlæknis. Augljóslega er fyrsta skref ef einhver upplifir/verður vitni að slíku að tilkynna það til yfirmanna viðkomandi stofnunar hver sem hún kann að vera og síðan þarf að meta hvort úr verður lögreglumál

2. Telst það atvik sem er skráningaskyldt skv. lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007, 9. gr. þegar fólk er neitað um meðferð sem það þarf a sannarlega á að halda.

Svar: Í spurningunni segir: „sem það þarf sannarlega á að halda“. Það er ávallt meðferðarlegt mat heilbrigðisstarfsmanns sem er ábyrgur fyrir meðferð sjúklings hvað meðferð hann þarf á að halda. Matsatriði eru ekki skilgreinanleg sem atvik sérstaklega ef um er að ræða meðferð þar sem margs konar meðferðarúrræði eru í boði.

3. Telst það atvik sem er skráningaskyldt skv. lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007, 9. gr. ef fólk er vísað úr meðferð

Svar: Meðferðarstofnanir setja sér ramma/skorður sem gilda um meðferðar „prógrömm“ og upplýsa sjúklinga þar um áður en meðferð hefst. Þetta á sérstaklega við um stofnanir sem veita meðferð við sjúkdómum eins og hér um ræðir og geta þær verið mjög mismunandi. Stofnunum er í sjálfsvald sett hvernig þær kjósa að hafa þennan ramma/skorður enda séu þær í samræmi við landslög og góða starfshætti (good medical practice). Þess vegna þarf það ekki að vera atvik þó einstaklingi sé vísað úr meðferð enda hafi honum mátt vera ljóst að tiltekin hegðun gæti varðað brottvísun úr meðferð.

4. Í hlutaúttekt á meðferðarstofnunum SÁÁ kemur fram að stefnt sé að eftirfylgd úttektar í lok árs 2016. Róttin óskar eftir upplýsingum um þá úttekt.

Svar: Skýrslu um eftirfylgd Embættis landlæknis er að finna á vef embættisins: <http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item32495/Eftirfylgni%20%C3%BAttektar%20%C3%A1%20S%C3%81%C3%81.pdf>

Virðingarfyllst,

Leifur Bárðarson,
sviðsstjóri